

Stjórnarfundur haldinn að Búgarði fimmtudaginn 6. Október 2011 klukkan 20:00

Mættir eru: Þorsteinn, Óskar Þór, Kristlaug María, Þorgerður, Jóhanna, Einar, Birkir.

Boðuð forföll: Edda Kamilla, Kristín

Óskar setti fundinn.

1. Styrkumsóknir

- a. Ari Jósavínsson, styrkur vegna þátttöku í þjálfaranámskeiðs í Svíþjóð. Námskeið í stökkum og grindarhlaupi. Samþykkt að styrkja Ara um millilandaflug og þátttökugjald eftir reikningi allt að 100.000.- krónur.
- b. Unnar Már Sveinbjarnarson, styrkur vegna þátttöku í unglíngalandsliði SKÍ Samþykkt að styrkja hann um 15.000.- krónur.

Aðrar styrkumsóknir hafa ekki borist.

2. Innsend bréf

- a. Frá HSK. Tillögur vegna sambandsþings UMFÍ frá HSK, (vísa til næsta liðar).
- b. Frá FRÍ. Tilkynning um FRÍ þing. Næsta þing verður 16. og 17. mars 2012 á Selfossi.
- c. Frá FRÍ. Áminning um umsóknir í ferðasjóð. Verið er að minna á ferðasjóð og þátttaka á hvaða mót eru styrkhæf fyrir þennan sjóð.
- d. Frá ÍSÍ. Felixnámskeið á Akureyri Felix námskeið á Akureyri 13. október á skrifstofu ÍSÍ á Akureyri.
- e. Frá UMFÍ. Bréf frá undirbúningsnefnd vegna stjórnarkjörs á Sambandsþingi UMFÍ, (vísa til næsta liðar).
- f. Frá HSK. Framboð til stjórnar UMFÍ, (vísa til næsta liðar).
- g. Frá UMFÍ. Vegna Sambandsþings: Dagskrá, tillögur stjórnar UMFÍ, álit nefndar um endurskoðun á Unglíngalandsmótsreglugerð, fulltrúafjöldi á þing, (vísað til næsta liðar).

3. Sambandsþing UMFÍ (fulltrúar, framboð og fleira).

Þorsteinn las upp bréfið sem að UMFÍ sendi til aðildarfélaga um dagskrá þingsins, tillögur og tillögur til reglubreytinga um Unglíngalandsmótið.

HSK sendi inn nokkrar tillögur sem leggja á til á Sambandsþinginu.

Verið er að ræða við nokkra einstaklinga um að bjóða sig fram í stjórn UMFÍ.

Kjörbréf fyllt út.

UMSE var beðin um að finna einn forseta fyrir Sambandsþing UMFÍ og þá helst konu.

4. Landsmót 50+

Sótt var um Landsmót 50+ 2012. Við fengum ekki þetta mót að þessu sinni, sex aðilar sóttu um. UMSK fékk mótið.

5. Verðlaun

Haldið var áfram með umræðuna frá því á seinasta fundi, athuga á með verðsamanburð hjá tveimur fyrirtækjum í bænum um verðlaun. Þorsteinn ætlar að athuga þetta.

6. Menningarstarf, könnun frá UMFÍ

Kristín kláraði þetta og Alda Pálsdóttir sendir hennir kærar þakkir.

7. Frjálsíþróttamál.

- a. Samningurinn við Ara varð laus um mánaðarmótin og verður hann endurnýjaður til áramóta með smávægilegum breytingum á samningi. Samþykkt að borga honum laun í október samkvæmt fyrri samningi, Þorsteinn ætlar að kalla hann á fund og láta hann vita af stöðunni. Verið er að gera nýjan samning sem mun gilda fram að áramótum.

8. Jólahlaðborð

Kristín ætlaði að athuga með Öngulsstaði en mætti ekki á fundinn vegna veikinda. Myndaðist umræða um það hvað ætti að gera, fara á jólahlaðborð eða út að borða. Þessum lið er vísað til næsta fundar.

9. Önnur mál.

- Forvarnarmálið sem að tekið var á síðasta fundi. Einar ætlaði að athuga með þetta, hann sendi tölvupóst á félög til að athuga með hvort að aðildarfélög og sveitarfélög séu að taka þátt í þessu verkefni. Sendar voru upplýsingar um þetta og sveitarfélögin hvött til að vera með.

Næstu fundur er ákveðinn 3. Nóvember 2011 klukkan 20:00
Þorsteinn kemur með veitingar, senda á áminningu með næsta fundarboði.

Fundi sltið 22:22.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður